



# Börn og netmiðlar

Fréttir & falsfréttir



FJÖLMIÐLANEFND  
ICELANDIC MEDIA COMMISSION



# **Börn og netmiðlar**

## 6. HLUTI - FRÉTTIR & FALSFRÉTTIR

Júlí 2022

**Fjölmiðlanefnd**

**Menntavísindastofnun**

Höfundur: Ingibjörg Kjartansdóttir

Umsjón: Skúli B. Geirdal

|   |           |
|---|-----------|
| <b>Inngangsorð</b>  | <b>4</b>  |
| <b>Helstu niðurstöður</b>   | <b>5</b>  |
| <b>Framkvæmd könnunar</b>   | <b>6</b>  |
| <b>Niðurstöður</b>  |           |
| <b>Fréttir og fréttamiðlar</b>  | <b>7</b>  |
| · Lest, hlustar eða horfir þú á fréttir?                                    |           |
| · Hvaða samfélagsmiðla notar þú til að lesa eða horfa á fréttir?            |           |
| · Hvaða netmiðla notar þú til að lesa eða horfa á fréttir?                  |           |
| · Hvernig fréttum hefur þú áhuga á?   |           |
| <b>Falsfréttir og gagnrýni</b>  | <b>15</b> |
| · Hefur þú séð frétt á síðast liðnu ári sem þú telur hafa verið falsfrétt?  |           |
| · Hvað gerðir þú síðast þegar þú sást frétt sem þú taldir vera falsfrétt?   |           |
| · Hvar sást þú frétt sem þú taldir að verið gæti falsfrétt?                 |           |
| <b>Skaðleg umræða á netinu</b>  | <b>20</b> |
| · Hefur þú séð umræður á netinu á undanfögnu ári sem innihélt eftirfarandi? |           |
| <b>Yfirlit um fjölda þátttakenda</b>  | <b>23</b> |
| <b>Þakkir</b>   | <b>24</b> |

Fjölmiðlanefndir á Norðurlöndunum og í öðrum ríkjum álfunnar hafa með reglubundnum hætti kannað hvernig börn og ungmenni nota fjölmiðla og samfélagsmiðla. Með því að gera reglubundnar kannanir og vinna úr þeim tölfraðilegu gögnum sem safnað er má fylgjast með þeim breytingum sem verða á notkun miðlanna. Á grundvelli upplýsinganna er hægt að eiga samtal um ólíka notkun, gefa góð ráð og búa til fræðslufni fyrir ólíka aldurshópa.

Fjölmiðlanefnd fékk Menntavísindastofnun Háskóla Íslands til að framkvæma viðtæka spurningakönnun meðal grunn- og framhaldsskólanema á aldrinum 9-18 ára um allt land á vormánuðum árið 2021. Um var að ræða norska rannsókn, sem var staðfærð og þýdd, en rannsóknin var upphaflega unnin af norsku fjölmiðlanefndinni Medietilsynet, í samstarfi við Sentio Research í Noregi. Auk þess fékk Medietilsynet aðstoð frá norsku Neytendastofnuninni, Kripos og Barnaheillum í Noregi. Umsjón með verkefninu hafði Thea Grav Rosenberg.

Niðurstöður þessarar viðtæku spurningakönnunar meðal íslenskra barna og ungmenna verða kynntar í nokkrum hlutum. Í fyrsta hluta er fjallað um **miðlanotkun barna og ungmenna**. Í öðrum hluta er fjallað um **kynferðisleg komment og nektarmyndir**. Í þriðja hluta er sjónum beint að **öryggi barna og ungmenna á netinu** og í fjórða hluta er viðfangsefnið **klám**. Fimmta skýrslan fjallar um **notkun barna og ungmenna á tölvuleikjum** og sú sjötta um **fjölmiðlanotkun** þeirra og hvort þau verði vör við **falsfréttir**. Síðasta hlutanum er síðan ætlað að lýsa **upplifun barna og ungmenna á netinu**.


Er þetta í fyrsta sinn sem Fjölmiðlanefnd, í samstarfi við Menntavísindastofnun, birtir niðurstöður slíkrar umfangsmikillar könnunar. Fyrirhugað er að gera sambærilega könnun á tveggja til þriggja ára fresti til að kanna miðlanotkun og færni barna og ungmenna þannig að hægt verði að bera saman niðurstöðurnar og hvernig notkun þróast.

Í lokin verða upplýsingarnar gerðar aðgengilegar í heildstæðri skýrslu. Þá verður jafnframt tryggt að fræðasamfélagið og aðrir geti nálgast rannsóknargögn á aðgengilegu formi, að teknu tilliti til persónuverndarsjónarmiða, þar sem niðurstöður könnunarinnar geta orðið uppspretta frekari kannana og rannsókna.




**Elfa Ýr Gyfadóttir**

Framkvæmdastjóri Fjölmiðlanefndar




## Lest, hlustar eða horfir þú á fréttir

Í heildina eru **flestir sem nálgast fréttir í sjónvarpi**. Hlutfall þátttakenda sem horfir á fréttir í sjónvarpi oft eða stundum er svipað í öllum aldurshópum. **Lestur fréttu á netmiðlum og samfélagsmiðlum eykst með aldri** og í framhaldsskóla eru þeir miðlar vinsælli en sjónvarp. Um þriðjungur les fréttir í blöðum, ekki sýnt á mynd.



## Hvaða netmiðla notar ungmenni helst til að skoða fréttir?


**Mbl.is er sá netmiðill sem þátttakendur segjast helst nota til að nálgast fréttir.** Í 4.-7. bekk er óverulegur munur á lestri mbl.is og ruv.is en með hækkandi aldri þátttakenda verður munurinn á þessum miðlum töluverður.



## Falsfréttir

**Rúmlega helmingur nemenda á unglingsstigi og 76% þátttakenda í framhaldsskóla segjast hafa séð falsfréttir.** Flestir þeirra sem höfðu séð falsfréttir gerðu ekkert til þess að bregðast við. Af þeim sem eitthvað gerðu var algengast að nota Google til að leita frekari upplýsinga og skoða áreiðanlega fréttamiðla.

*\*Ath. þetta var fjölvalsspurning*



## Skaðleg umræða á netinu

Eldri þátttakendur voru spurðir hvort þeir hefðu séð tilteknar umræður á netinu. Á báðum skólastigum **sáu um helmingi fleiri stelpur en strákar umræður um leiðir til að grenna sig verulega t.d. með búlimíu.** Rúmlega 20-33% ungmenna hafa séð hatursorðræðu sem beindist að vissum hópum vegna t.d. uppruna, trúarbrögðum eða kynhneigð.

Í skýrslu þessari birtist hluti af niðurstöðum könnunarinnar *Börn og netmiðlar*. Könnunin náði til barna um allt land og byggir á rannsókn norsku fjölmiðlanefndarinnar *Barn og media*. Við þökkum henni fyrir aðstoð og samstarf við undirbúning og skipulagningu þessa verkefnis.

Fyrirlögn könnunarinnar var rafræn með slembivöldu úrtaki skólanema á aldrinum 9 – 18 ára. **Alls tóku 5.911 nemendur þátt**, þar af voru 4.802 grunnskólanemendur í 4.-10. bekk og 1.109 framhaldsskólanemendur. Könnunin var framkvæmd með nokkuð mismunandi hætti í grunnskólum annars vegar og framhaldsskólum hins vegar.

Í þeim hluta könnunarinnar sem framkvæmdur var á **meðal grunnskólanema voru skólar slembivaldir á öllum landsvæðum**. Heimild var fengin hjá fræðslustjórum eða skólaskrifstofum viðkomandi svæða til að hafa samband við skólustjóra innan viðkomandi fræðslusvæðis. **23 af 25 boðuðum skólum samþykktu þátttöku**. Úrlausnir bárust frá öllum skólum nema tveimur. Skólarnir sendu forsjáraðilum nemenda upplýsingabréf frá rannsakendum um fyrirhugaða könnun og gefinn var kostur á að hafna þátttöku. **Könnunin var lögð fyrir grunnskólanemendur í kennslustund** eftir settum verklagsreglum og notaðar voru tölvur í eigu skólanna.

**Fyrirlögn meðal nemenda framhaldsskólanna var að nokkru leyti frábrugðin** þó að þátttakendur hafi fengið sama spurningalista og nemendur á unglingsstigi grunnskóla. Haft var samband við um **30 framhaldsskóla og 23 þeirra samþykktu þátttöku**. Starfsmenn skóla sendu upplýsingar um fyrirhugaða könnun til forsjáraðila allra nemenda sem ekki höfðu náð 18 ára aldri, að auki fylgdu með upplýsingar fyrir þá sem vildu hafna þátttöku barna sinna. **Netpóstur með upplýsingum um könnunina og þátttökuhlekk var síðan sendur til allra nemenda** sem voru 18 ára eða yngri og höfðu ekki hafnað þátttöku. Allir skólar nema einn sendu út eina ítrekun til nemenda.

Þátttakendum var gerð grein fyrir að þeim bæri engin skylda til að taka þátt í könnuninni, þeir mættu sleppa spurningum og/eða hætta þátttöku hvenær sem þeir vildu. **Einnig var þeim greint frá því að ekki væri verið að afla neinna persónuupplýsinga**. Útsendir spurningalistar voru að meginstofni til þeir sömu, **styttri útgáfa var fyrir nemendur í 4.-7. bekk**, en lengri listi með viðbættum efnisflokkum var ætlaður nemendum í 8. bekk og eldri. Þátttakendur í framhaldsskólum fengu sama spurningalista og lagður var fyrir nemendur í 8.-10. bekk grunnskóla.


**Tímabil fyrirlagnar var frá miðjum mars og fram til fyrstu viku maímánaðar 2021**. Niðurstöður fyrir grunnskólanema voru vigtaðar fyrir bekk og landssvæði. Niðurstöður fyrir framhaldsskólanema voru vigtaðar eftir kyni og landssvæði.

# FRÉTTIR OG FRÉTTAMIÐLAR

Að hve miklu leyti skoða börn og unglingar fréttir og hvaða efnisveitur nota þau helst?

## MYND 1. LEST, HLUSTAR EÐA HORFIR ÞÚ Á FRÉTTIR?

Niðurstöður flokkaðar eftir skólastigum. Tölur á mynd eru hlutfallstölur. (Grunnskóli n= 4805, framhaldsskóli n= 1092).



### Sjónvarp

Flestir þátttakendur segjast nota sjónvarp til þess að fylgjast með fréttum. Hlutfall þátttakenda sem sjá oft eða stundum fréttir í sjónvarpi er svipað í öllum aldurshópum (74-76%).

### Fréttamiðlar á netinu

Með hækkandi aldri eykst hlutfall þeirra sem fylgjast með eða sjá fréttir oft eða stundum á fréttamiðlum á netinu úr 41% í 86%.

## Samfélagsmiðlar

Svipuð aukning samhliða hækkandi aldri má sjá við lestur fréttar á samfélagsmiðlum. Um helmingur yngsta aldurshópsins sér aldrei fréttir á samfélagsmiðlum (49%) sem er skiljanlegt þar sem yngsti hópurinn notar síður samfélagsmiðla en tveir eldri aldurshóparnir.


## Hlaðvarp eða útvarp

Hlustun á fréttir í hlaðvarpi og/eða útvarpi eykst nokkuð jafnt með aldri, frá 40% meðal yngstu þátttakenda í 56% meðal nemenda á framhaldsskólaaldri.

## Fréttalestur í blöðum

Lítill hluti barna og ungmenna les fréttir oft í blöðum (3-5%). Hlutfallið sem les fréttir í blöðum var nokkuð jafnt meðal aldurshópanna í grunnskóla en eykst lítillega í framhaldsskóla. Tæplega 60% barna og ungmenna les aldrei fréttir í blöðum.

**Mynd 2. HLUTFALL STRÁKA OG STELPNA SEM LESA, HLUSTA EÐA HORFA OFT EÐA STUNDUM Á FRÉTTIR MEÐ EFTIRFARANDI FRÉTTAVEITUM.** Tölur á mynd eru hlutfallstölur.






Lítill munur (mest 9%) er milli stráka og stelpna hvað varðar notkun mismunandi miðla til að nálgast fréttir. Hlutfall stelpna er aðeins hærra en stráka í öllum aldurshópum í notkun sjónvarps, samfélagsmiðla og hlaðvarps/útvarps til þess að nálgast fréttir, sjá mynd 2.

## NOTKUN SAMFÉLAGSMIÐLA TIL AÐ LESA EÐA HORFA Á FRÉTTIR

Þátttakendur sem hökuðu við að hafa séð fréttir á samfélagsmiðlum fengu spurningu um hvaða samfélagsmiðla þeir notuðu við að skoða fréttir. Svör þátttakenda um á hvaða samfélagsmiðlum þau sjá fréttir endurspeglar þá samfélagsmiðla sem þau notuðu,

### Mynd 3. HVAÐA SAMFÉLAGSMIÐLA NOTAR ÞÚ TIL AÐ LESA EÐA HORFA Á FRÉTTIR?

Hlutfall eftir skólastigum. Fjölvalsspurning þar sem merkja mátti við fleiri en einn kost. Tölur á mynd eru hlutfallstölur. (Grunnskóli n= 2600, framhaldsskóli n= 685).



#### YouTube

Flesti börn í 4. -7. bekk segjast nota YouTube til að fylgjast með fréttum (53%) en hlutfall þeirra sem segist nota miðilinn í þeim tilgangi lækkar með aldri. Á unglinga- (42%) og framhaldsskólastigi (37%) er YouTube þriðji vinsælasti samfélagsmiðillinn til þess að nálgast fréttir.

#### Instagram

Í 8.-10. bekk er Instagram sá samfélagsmiðill sem flestir nota til að skoða fréttir (61%). Í framhaldsskóla er hlutfallið 43% og í 4.-7. bekk 22%.

## TikTok

Næst vinsælasti samfélagsmiðillinn til að nálgast fréttir meðal beggja grunnskólahópanna er TikTok, en tæpur helmingur nemenda fylgist með fréttum á þeim miðli (48-49%). Til samanburðar er einungis um fimmtungur (22%) framhaldsskólanema sem notar TikTok til að nálgast fréttir.

## Facebook


Meðal framhaldsskólanema er Facebook sá samfélagsmiðill sem er helst notaður til að nálgast fréttir (58%). Hlutfallið er mun lægra í 8.-10. bekk (33%) og í 4.-7. bekk (9%).

## Aðrir samfélagsmiðlar

Fjórðungur nemenda í 4.-7. bekk (25%) og fimmtungur (20%) nemenda í 8.-10. bekk merktu við að nota aðra samfélagsmiðla til að fylgjast með fréttum. Grunnskólanemendur nefndu að þeir skoðuðu fréttir á samfélagsmiðlum Twitter og Reddit en ljóst er af svörum þeirra að flestir í þessum aldurshópi gerðu ekki greinarmun á samfélagsmiðlum og öðrum miðlum á netinu. Í framhaldsskóla voru 19% sem merktu við að nota aðra samfélagsmiðla. Flestir þeirra nefndu Twitter (3%) og Reddit (1%).

## Mynd 4. HVAÐA SAMFÉLAGSMIÐLA NOTAR ÞÚ TIL AÐ LESA EÐA HORFA Á FRÉTTIR?

Hlutfall stráka og stelpna. Tölur á mynd eru hlutfallstölur.




Nokkur munur er á strákum og stelpum og þeim samfélagsmiðlum sem verða fyrir valinu til að fylgjast með fréttum, sjá mynd 4. Fleiri strákar sjá fréttir á YouTube en stelpur á öllum aldurstigum. Fleiri stelpur en strákar sjá fréttir á Instagram, TikTok, Facebook og Snapchat. Í 8.-10. bekk og framhaldsskóla eru strákar líklegri en stelpur til að nefna aðra samfélagsmiðla.

## NOTKUN NETMIÐLA TIL AÐ LESA EÐA HORFA Á FRÉTTIR

Næsta spurning var með birtingaskilyrði, þ.e. aðeins þeir sem hökuðu við að hafa séð fréttir á netmiðlum fengu þessa spurningu.

### Mynd 5. HVAÐA NETMIÐLA NOTAR ÞÚ TIL AÐ LESA EÐA HORFA Á FRÉTTIR?

Hlutfall eftir skólastigum. Fjölvalsspurning þar sem merkja mátti við meira en einn kost. Tölur á mynd eru hlutfallstölur. (Grunnskóli n= 2600, framhaldsskóli n= 685).



Lestur eða skoðun fréttar eykst með aldri og hlutföll þeirra netmiðla sem notaðir eru til að fylgjast með fréttum er nokkuð lægra í 4.-7. bekk en í 8.-10. bekk og í framhaldsskóla.


Meðal nemenda í 4.-7. bekk er óverulegur munur á notkun ruv.is (44%) og mbl.is (43%) til að fylgjast með fréttum. Visir.is (36%) er þriðji vinsælast netmiðillinn í þessum aldurshópi.

Notkun fréttamiðla á netinu í 8.-10. bekk og framhaldsskóla er nokkuð áþekkt þótt hlutfallstölur séu aðeins hærrí í framhaldsskóla. Í þessum hópum er mbl.is (71% og 78%) vinsælasti netmiðillinn og visir.is (60% og 72%) næst vinsælastur. Nokkuð lægra hlutfall í báðum aldurshópum notar ruv.is (31% og 43%).

Þátttakendur máttu nefna aðra fréttamiðla á netinu sem þeir notuðu til að skoða eða lesa fréttir og völdu 8-18% þann valkost. Nemendur í grunnskóla nefndu dv.is, Fótbolta.net og aðrar fót-boltasiður. Nokkrir þátttakendur í framhaldsskóla nefndu dv.is, Víkurfréttir (vf.is), Fótbolti.net og BBC. Aðrir fréttamiðlar voru nefndir aðeins einu sinni. Líkt og kom fram í spurningunni um lestur fréttu á samfélagsmiðlum, var greinilegt að margir þátttakendur gerðu ekki greinarmun á netmiðlum og samfélagsmiðlum.

### Mynd 6. HVAÐA NETMIÐLA NOTAR ÞÚ TIL AÐ LESA EÐA HORFA Á FRÉTTIR?

Hlutfall eftir skólastigum. Tölur á mynd eru hlutfallstölur.



Á mynd 6 má sjá hvaða netmiðlar voru vinsælastir til að nálgast fréttir meðal stráka og stelpna á skólastigunum þremur.


Flestir netmiðlarnir sem spurt var sérstaklega um voru vinsælli meðal stelpna en stráka. Hins vegar voru strákar aðeins líklegri en stelpur til að haka við valmöguleikann að þeir noti aðra netmiðla eða aðra staði á netinu.

## HVERNIG FRÉTTUM HAFNA BÖRN OG UNGMENNÍ ÁHUGA Á?

Allir þátttakendur voru spurðir um hvernig fréttum þeir hefðu áhuga á.

### Mynd 7. HVERNIG FRÉTTUM HEFUR ÞÚ ÁHUGA Á?

Spurningin er fjölvalsspurning. Tölur á mynd eru hlutfallstölur. (Grunnskóli n= 4805, framhaldsskóli n= 1092).



Um helmingur grunnskólanema í 4.-7. bekk (47%) hefur áhuga á íþróttafréttum. Helmingi færri í þeim aldurshópi hafa áhuga á menningu og listum og afþreyingu/frægu fólk (23%). Í 8.-10. bekk eru íþróttafréttir einnig vinsælastar og þar á eftir afþreying/frægt fólk (39%) og erlendar fréttir (33%). Meðal framhaldsskólanema er mestur áhugi á innlendum fréttum (40%) og erlendum fréttum (39%) auk menningu og lista (28%). Hlutfall framhaldsskólanema sem segist hafa áhuga á íþróttafréttum er næstum helmingi lægra en meðal grunnskólanema.

Einn reitur var opinn þar sem þátttakendur gátu fyllt sjálfir í ef þeir höfðu áhuga fyrir einhverju sem ekki var talið upp. Grunnskólanemendur nefndu þar helst náttúruvísindi eins og eldgos, jarðskjálftar, veður og umhverfisvernd. Þar á eftir kom efni tengt sakamálum, tækni, tölvuleikjum, dýrum, fótbolta og Covid. Nokkrir í framhaldsskóla nefndu að þeir hefðu áhuga á fréttum um Covid, vísindum, tækni, tölvum, tölvuleikjum og eldgosinu.

## Mynd 8. HVERNIG FRÉTTUM HEFUR ÞÚ ÁHUGA Á?

Hlutfall stráka og stelpna. Allir þátttakendur fengu þessa fjölvalsspurningu. Tölur á mynd eru hlutfallstölur.



Stelpur hafa meiri áhuga en strákar á fréttum sem fjalla um tísku, afþreyingu/frægt fólk og menningu og listir. Þá hafa aðeins fleiri stelpur en strákar áhuga á fréttum úr heimabyggð, umræðum og fréttaskýringum auk innlendra fréttanna.


Fréttir um íþróttir eru aðeins vinsælli meðal stráka. Þá er hærra hlutfall stráka en stelpna sem hafa áhuga á fréttum um stjórnsmál auk viðskipta- og efnahagsfréttanna en hlutfallið í þeim flokkum er lágt, sjá mynd 8.

## FALSFRÉTTIR OG GAGNRÝNI

Þátttakendur í 8.-10. bekk og framhaldsskóla fengu nokkrar spurningar um falskar fréttir, hvar þeir hefðu séð þær og viðbrögð við grunsemdum um að frétt gæti mögulega verið falsfrétt.

### Mynd 9. HEFUR ÞÚ SÉÐ FRÉTT Á SÍÐASTLIÐNU ÁRI SEM ÞÚ TELUR HAFNA VERIÐ FALSFRÉTT?


Niðurstöður eftir skólastigum. Tölur á mynd eru hlutfallstölur. (Grunnskóli n= 2312, framhaldsskóli n= 1092).



Rúmlega helmingur grunnskólanema í 8.-10 bekk telur sig hafa séð falsfrétt á netinu undanfarið ár. Í framhaldsskóla eru 76% þátttakenda sem telja sig hafa séð falsfrétt. Töluvert hærra hlutfall nemenda í 8.-10. bekk (37%) en í framhaldsskóla (20%) er ekki viss hvort þeir hafi séð falsfrétt.

### Mynd 10. HEFUR ÞÚ SÉÐ FRÉTT Á SÍÐAST LIÐNU ÁRI SEM ÞÚ TELUR HAFNA VERIÐ FALSFRÉTT?

Niðurstöður fyrir stráka og stelpur flokkað eftir skólastigum. Tölur á mynd eru hlutfallstölur.




Svipað hlutfall stráka (52%) og stelpna (51%) í 8.-10 bekk telur sig hafa séð falsfrétt undanfarið ár. Heldur fleiri framhaldsskólanemar telja sig hafa séð falsfrétt og er hlutfall stráka (80%) aðeins hærra en stelpna (72%).

## VIÐBRÖGÐ UNGMENNA VIÐ GRUNSEMD UM FALSFRÉTT

Svarendur sem sögðust hafa séð eitthvað sem þau töldu að gæti verið falsfrétt, voru spurð hvernig þau brugðust við síðast þegar það gerðist.

### Mynd 11. HVAD GERÐIR ÞÚ SÍÐAST ÞEGAR ÞÚ SÁST FRÉTT SEM ÞÚ TALDIR VERA FALSFRÉTT?

Fjölvalsspurning. Niðurstöður eftir skólastigum. Tölur á mynd eru hlutfallstölur. (Grunnskóli n= 2312, framhaldsskóli n= 1092).



Langflest 13-18 ára barna sem hafa séð frétt sem þau grunuðu að gæti verið falsfrétt gerðu ekkert. Í 8.-10. bekk eru það sjö af hverjum tíu þátttakendum og í framhaldsskóla um sex af hverjum tíu.

Fjórðungur þátttakenda í 8.-10. bekk sagðist hafa leitað frekari upplýsinga á netinu í þessum aðstæðum. Mun færri skoðuðu áreiðanlega fréttamiðla (9%).

Í framhaldsskóla eru sömu viðbrögð nefnd oftast en hlutfallstölur heldur hærra, þ.e. að leita nánari upplýsinga um efnið á netinu (35%) og skoða aðra áreiðanlega fréttamiðla (22%).



Hér á eftir koma nokkur dæmi um svör þátttakenda sem fylltu í opinn reit um hvað annað þeir hefðu gert þegar þeir sáu falsfréttir:

## Þátttakendur í 8. - 10 bekk

„Senti vini mínum og sagði: sjáðu þessa stúpíd frétt svo fake“

„fór í comments til að sjá hvort það sé satt eða ekki“

„Ég hugsaði “Þetta er rugl” og hélt áfram með daginn“

## Þátttakendur í framhaldsskóla

„Þetta gerist stundum á Instagram og ég einfaldlega segist ekki hafa áhuga (ýti á not interested)“

„Skemmti mér við það. Skoðaði kommentin hjá fólkinu sem virtist trúa þessarri vitleyzu“

„Það var 1. apríl gabb“

## Mynd 12. HVAÐ GERÐIR ÞÚ SÍÐAST ÞEGAR ÞÚ SÁST FRÉTT SEM ÞÚ TALDIR VERA FALSFRÉTT?

Niðurstöður fyrir stráka og stelpur flokkað eftir valkosti og skólastigum. Tölur á mynd eru hlutfallstölur.



Meirihluti þátttakenda gerði ekkert síðast þegar þeir töldu sig hafa séð falsfrétt. Í 8.-10. bekk er hlutfall stráka 70% en stelpna 65%. Í framhaldsskóla eru fleiri stelpur sem gerðu ekkert til að bregðast við en hlutfallslegur munur hins vegar lítill, stelpur 58% og strákar 56%. Á báðum skólastigum leituðu stelpur frekar en strákar nánari upplýsinga um mögulega falsfrétt með leitarvélum eins og t.d. Google.

Fáir nemendur í 8.-10. bekk leituðu nánari upplýsinga varðandi mögulega falsfrétt í áreiðanlegum fréttamiðlum og er hlutfall stráka og stelpna jafnt (9%). Í framhaldsskóla eru nokkuð fleiri stelpur (27%) en strákar (17%) sem skoðuðu áreiðanlega fréttamiðla varðandi fréttæfnið. Stelpur eru nokkuð líklegri en strákar til að ræða við einhvern fullorðinn um mögulega falsfrétt og hlutfallið hækkar með aldri.


Aðrir valkostir voru sjaldan valdir en sjá má niðurstöður þeirra á mynd 12.

## HVAR SJÁ UNGMENNI HELST FALSFRÉTTIR?

Svarendur sem lýstu því yfir að þau hefðu séð eitthvað sem þau töldu að verið gæti falsfrétt, voru spurð hvar þau hefðu séð fréttina.

### Mynd 13. HVAR SÁST ÞÚ FRÉTT SEM ÞÚ TALDIR AÐ VERIÐ GÆTI FALSFRÉTT?

Fjölvalsspurning. Niðurstöður eftir skólastigum. Tölur á mynd eru hlutfallstölur. (Grunnskóli n= 1094, framhaldsskóli n= 487)




Meirihluti 13-18 ára þátttakenda í 8.-10. bekk (58%) og í framhaldsskóla (71%), sem höfðu séð mögulega falsfrétt á síðasta ári sáu fréttina á samfélagsmiðlum. Næstu tveir valkostir eru þeir sömu í báðum aldurshópum, þ.e. á vefsíðum og á YouTube.

Í framhaldsskóla eru næstu staðir þar sem þau sáu mögulega falsfrétt, fréttamiðlar (28%) og leitarvélar eins og t.d. Google (22%). Af þeim 3% framhaldsskólanema sem tiltóku að þeir hefðu séð mögulegar falsfréttir annars staðar nefndu flestir TikTok. Nánar má sjá flokkun eftir svarmöguleikum og aldurshópum á mynd 13.

#### Mynd 14. HVAR SÁST ÞÚ FRÉTT SEM ÞÚ TALDIR AÐ GÆTI VERIÐ FALSFRÉTT?

Fjölvalsspurning. Niðurstöður fyrir stráka og stelpur flokkað eftir skólastigum. Tölur á mynd eru hlutfallstölur.




Hlutfallslega fleiri stelpur en strákar í báðum aldurshópum sáu mögulegar falsfréttir á samfélagsmiðlum. Strákar eru hinsvegar líklegri til þess að sjá mögulegar falsfréttir á vefsíðum og á YouTube. Hlutfallslegur munur milli stráka og stelpna er heldur minni varðandi fréttamiðla, Google, blogg eða hjá þeim sem fengu sendan hlekk. Nánar má sjá hlutfallstölur fyrir stráka og stelpur á mynd 14.

# SKAÐLEG UMRÆÐA Á NETINU

Þátttakendur á unglinga- og framhaldsskólastigi voru spurðir hvort þeir hefðu séð umfjöllun undanfarið ár um nokkur efnisatriði þ.á.m., myndbirtingar eða umræðu um beitingu ofbeldis, hatursröræðu eða sölu áfengis og fíkniefna.

**Mynd 15. HEFUR ÞÚ SÉÐ UMRÆÐUR Á NETINU Á UNDANFÖRNU ÁRI SEM INNIHÉLT EFTIR-FARANDI?** Fjölvalsspurning. Niðurstöður eftir skólastigum. Tölur á mynd eru hlutfallstölur. (Grunnskóli n= 1094, framhaldsskóli n= 487).



Undanfarið ár hefur tæpur þriðjungur 13-18 ára ungmenna séð umræður um ógnvekjandi eða ofbeldisfullar myndir þar sem verið er að meiða manneskjur eða dýr. Fjórðungur barna í 8.-10. bekk hefur séð umræðu um hvernig hægt sé að grenna sig verulega. Nálægt einn af hverjum fimm á þessum aldri hefur séð hatursskilaboð sem beindust að einstaklingum eða hópum (21%) og áætlanir um slagsmál (21%).


Tæpur þriðjungur framhaldsskólanema hefur séð ógnvekjandi myndir þar sem verið var að meiða manneskjur eða dýr (30%) og hatursskilaboð sem beindust að ákveðnum einstaklingum eða hópum (29%). Rétt eins og meðal elstu nemenda grunnskóla þá hefur fjórðungur framhaldsskólanemenda séð umræður um hvernig megi grenna sig verulega. Sjá nánar á mynd 15.

Næstum tvö af hverjum tíu börnum á unglingastigi (19%) hafa séð umræður um hvernig sé hægt að skaða sig en hlutfallið var aðeins lægra á framhaldsskólastigi (16%).

Áfengis og vímuefnaauglýsingar hafa báðir hópar séð. Áfengisauglýsingar hafa birst álíka mörgum í framhaldsskóla (18%) og á unglingastigi grunnskóla (17%). Auglýsingar um sölu á hassi eða kannabisefnum hafa birst 11-12% þátttakendum á unglinga- eða framhaldsskólastigi.

### Mynd 16. HEFUR ÞÚ SÉÐ UMRÆÐUR Á NETINU Á UN DANFÖRNU ÁRI SEM INNIHÉLT EFTIR-FARANDI?

Hlutfall stelpna og stráka sem höfðu séð eftirfarandi umræður á netinu. Aðeins eldri þátttakendur. Tölur á mynd eru hlutfallstölur.



Á mynd 16 má sjá hlutfall stráka og stelpna í mismunandi aldurshópum sem á síðasta ári hafði séð umræður á netinu um eftirfarandi sjö málaflokka:

### **Ógnvekjandi eða ofbeldisfullar myndir**

Tæplega þrír af hverjum tíu 13-18 ára nemendum hafa séð myndir á netinu undanfarið ár þar sem verið var að meiða einstaklinga eða dýr. Nokkuð hærra hlutfall stelpna en stráka hafði séð slíkar myndir, eða um þrjár af tíu stelpum samanborið við tvo af tíu strákum.

### **Hatursskilaboð sem beinast að ákveðnum einstaklingum eða hópum**

Um 21% nemenda í 8.-10. bekk og 29% framhaldsskólanema hafa séð hatursskilaboð t.d. gegn fólki af öðrum uppruna, trúarbrögðum eða kynhneigð. Í 8.-10. bekk er hlutfall stelpna 2% hærra en stráka. Í framhaldsskóla er hlutfall strákanna 11% hærra en stelpna, þar hefur þriðjungur stelpna og fjórðungur stráka séð slík skilaboð.

### **Hvernig hægt er að grenna sig verulega (td. með lysterstoli eða búlimíu)**

Einn af hverjum fjórum 13-18 ára þátttakendum hefur séð ráðleggingar um hvernig hægt sé að grenna sig verulega. Hlutfall stelpna sem hafa séð slíkar ráðleggingar er nálægt tvöfalt hærra en stráka, eða 30-35% samanborðið við 15-18%.

### **Áætlun um slagsmál**

Færri nemendur í framhaldsskóla (14%) en á unglíngastigi grunnskóla (21%) hafa séð umræður um áætluð slagsmál. Tæplega fjórðungur stráka á unglíngastigi grunnskóla hefur séð slíkar umræður en 14% í framhaldsskóla. Hlutfall stelpna sem hefur séð slík skilaboð er heldur lægra en hjá strákum í 8.-10. bekk en í framhaldsskóla er kynjahlutfallið svipað.

### **Leiðir til að skaða sig líkamlega**

Aðeins fleiri 8.-10. bekkingar (19%) en framhaldsskólanemar (16%) hafa séð umræðu á netinu um leiðir til að skaða sig. Hlutfall stelpna er hærra en stráka sem hafa séð slíka umræðu.

### **Sala á áfengi**

Álíka margir nemendur í 8.-10. bekk grunnskóla (17%) og í framhaldsskóla (18%) hafa séð umræður á netinu um sölu á áfengi. Ekki er um skýran kynjamun að ræða þar sem í 8.-10. bekk er hlutfall stráka hærra, en í framhaldsskóla eru stelpurnar fleiri sem hafa séð umræður um sölu áfengis.

### **Sölu á hassi eða kannabisefnum**

Umræður um sölu á hassi eða kannabisefnum á netinu hafa færri þátttakendur séð en sáu umræður um áfengissölu. Í 8.-10. bekk er hlutfall stráka 14% og stelpna 10% sem hafa séð umræðu um kannabissölu á netinu en í framhaldsskóla er hlutfall stráka 10% og stelpna 13%.

## YFIRLIT UM FJÖLDA ÞÁTTAKENDA

Í töflunni hér á eftir má sjá fjölda þátttakenda í grunn- og framhaldsskólum flokkaða eftir kyni og bekk eða aldri. Þar sem niðurstöður könnunarinnar eru vigtaðar eftir kyni með viðmiðunartölum frá Hagstofu Íslands er aðeins mögulegt að birta niðurstöður fyrir stelpur og stráka.

| Grunnskóli     | Stelpur     |              | Strákar     |              | Annað      |             | Fjöldi alls |               |
|----------------|-------------|--------------|-------------|--------------|------------|-------------|-------------|---------------|
| 4. bekkur      | 228         | 46.0%        | 267         | 53.8%        | 1          | 0.2%        | 496         | 100,0%        |
| 5. bekkur      | 307         | 48.9%        | 309         | 49.2%        | 12         | 1.9%        | 628         | 100,0%        |
| 6. bekkur      | 332         | 48.9%        | 332         | 48.9%        | 15         | 2.2%        | 679         | 100,0%        |
| 7. bekkur      | 332         | 50.1%        | 312         | 47.1%        | 19         | 2.9%        | 663         | 100,0%        |
| 8. bekkur      | 432         | 52.2%        | 365         | 44.1%        | 31         | 3.7%        | 828         | 100,0%        |
| 9. bekkur      | 378         | 47.8%        | 383         | 48.5%        | 29         | 3.7%        | 790         | 100,0%        |
| 10. bekkur     | 351         | 48.9%        | 347         | 48.3%        | 20         | 2.8%        | 718         | 100,0%        |
| <b>Samtals</b> | <b>2360</b> | <b>49.1%</b> | <b>2315</b> | <b>48.2%</b> | <b>127</b> | <b>2.6%</b> | <b>4802</b> | <b>100,0%</b> |

| Framhaldsskóli | Stelpur    |              | Strákar    |              | Annað     |             | Fjöldi alls |               |
|----------------|------------|--------------|------------|--------------|-----------|-------------|-------------|---------------|
| 15 ára         | 1          | 33,3%        | 2          | 66,7%        | 0         | 0,0%        | 3           | 100,0%        |
| 16 ára         | 147        | 57,9%        | 102        | 40,2%        | 5         | 2,0%        | 254         | 100,0%        |
| 17 ára         | 341        | 62,7%        | 193        | 35,5%        | 10        | 1,8%        | 544         | 100,0%        |
| 18 ára         | 201        | 65,3%        | 104        | 33,8%        | 3         | 1,0%        | 308         | 100,0%        |
| <b>Samtals</b> | <b>690</b> | <b>62,4%</b> | <b>401</b> | <b>36,3%</b> | <b>18</b> | <b>1,6%</b> | <b>1109</b> | <b>100,0%</b> |

**TAFLA 1. FJÖLDI ÞÁTTAKENDA EFTIR BEKK/ALDRI OG KYNI.**

## BESTU ÞAKKIR

Við þökkum skólaskrifstofum og fræðslustjórum fyrir að veita skólum sínum leyfi til að taka þátt í könnuninni Börn og netmiðlar. Kennarar grunnskólanna sem samþykktu góðfúslega að sjá um könnunina og öll ungmennin sem svöruðu spurningalistanum eiga bestu þakkir skilið.

Einnig þökkum við skólameisturum framhaldsskóla fyrir að taka jákvætt í erindi okkar og aðstoða okkur við framkvæmd könnunarinnar meðal framhaldsskólanema.